


Alþingi
Erindi nr. Þ 143/540
komudagur 5.12.2013



Reykjavík 5.12.2013

Umsögn um mál 205, um frumvarp til laga um breytingar á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, **nr. 52/1989**, með síðari breytingum.

Endurvinnslan hf. fagnar mjög framkomnu frumvarpi til breytingar á greiðsluskyldu fríhafna.

Endurvinnslan hf. er búin að vinna lengi í þessu réttlætismáli. Réttaróvissa ríkir nú um það hvernig, ekki hvort það beri að innheimta skila- og umsýslugjald hjá fríhöfnum. Er þessum lagatexta ætlað að leysa úr þeirri óvissu.

Þessi réttaróvissa kostar Endurvinnsluna hf. árlega tugi milljóna króna, en samkvæmt lögum ber Endurvinnslunni hf. að endurgreiða skilagjald af vörum sem farþegar koma með úr fríhöfnum, en innheimtuaðilar ríkissjóðs hafa ekki treyst sér til að innheimta það.

Fögnum því mjög framkomnu frumvarpi. Frábært framtak.

Kveðja,

Helgi Lárusson

Framkvæmdastjóri

Endurvinnslan hf.

Alþingi
Erindi nr. P 143/623
komudagur 10.12.2013



Nefndasvið Alþingis
B.t. Kristjönu Benediktsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2013

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingar á tollalögum og ýmsum öðrum lögum (205. mál)

I. Almennt

Vísað er til frumvarps til laga um breytingar á tollalögum, lögum um vörugjald, lögum um virðisaukaskatt og fleiri lögum (205. mál) sem lagt var fyrir á Alþingi á 143. löggjafarþingi.

Félag atvinnurekenda (FA) styður við þá viðleitni sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að auðvelda þurfi framkvæmd ýmissa atriða er varða tollamál, vörugjöld og skatta. Raunar mætti taka á mun fleiri atriðum en þeim sem rakin eru í frumvarpinu. FA fagnar sérstaklega áframhaldi á tvískiptingu greiðslu aðflutningsgjalda. Að neðan eru raktar helstu efnislegu athugasemdir FA við frumvarpið.

II. Athugasemdir

- i. Það er jákvætt að í frumvarpinu sé tvískipting greiðslu aðflutningsgjalda fyrir árið 2014 lögfest. FA vill hins vegar benda á að enn eina ferðina er bráðabirgðaákvæði þessa efnis lögfest. Telja verður rökréttara að lögfesta umrædda tvískiptingu til frambúðar, eins og FA hefur lagt fram í hugmyndum sínum um [Falda aflið](#). Ekki verður séð að veigamikil rök hnígi gegn þessu og á tímum þar sem stjórnvöld leggja áherslu á einfaldara regluverk gagnvart atvinnulífi ættu svona atriði að vera til alvarlegrar skoðunar. Þetta gerir gjaldtöku hins opinbera aðgengilegri í framkvæmd, sérstaklega fyrir minni fyrirtæki. Af umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis að dæma verður ekki séð að umrætt ákvæði sé íþyngjandi fyrir ríkissjóð.
- ii. Mikilvægt er að taka það fram í skýringartexta með lögunum að þau beri að túlka með þeim hætti að tryggja, eftir fremsta megni, jafnræði á milli innflytjenda annars vegar og innlendra framleiðenda hins vegar.
- iii. Vert er að vekja athygli á því að ákveðnir kaflar Tollalaga nr. 88/2005 þarfnast endurskoðunar. Er þar sérstaklega vakinn athygli á refsíákvæðum laganna sem eru nokkuð óskýr og að ákveðnum hluta barn síns tíma.

III. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 143/584
komudagur 9.12.2013

From: valdemar.asbjornsson@fjr.is [<mailto:valdemar.asbjornsson@fjr.is>]
Sent: 9. desember 2013 15:05
To: Benedikt S. Benediktsson
Cc: gudrun.thorleifsdottir@fjr.is; marianna.jonasdottir@fjr.is
Subject: Frumvarp til breytinga á tollalögum o.fl.

Sæll Benedikt. Við Marianna Jónasdóttir skrifstofustjóri skattamála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu komum og kynntum fyrir nefndinni frumvarp **um breytingar á tollalögum, nr. 88/2005, lögum um vörugjald, nr. 97/1987, lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, með síðari breytingum (sektir, greiðslufrestur í tolli, sykurskattur og skilagjald vegna einnota drykkjarumbúða)**. Við létum nefndina vita af því að við myndum senda henni tillögu um breytingu á 4. gr. frumvarpsins um vörugjöld. Í stað þeirrar sem er í frumvarpinu nú er lagt til eftirfarandi:

4. gr.

2. mgr. 10. gr. orðast svo:

Tollstjóra er heimilt að endurgreiða innflytjendum og/eða innlendum framleiðendum vörugjald sem þeir hafa greitt í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar innflytjandi hefur nýtt hráefni eða efnivöru í framleiðslu innflytjanda sjálfs skv. 1. mgr.
2. Þegar innflytjandi eða innlendir framleiðandi selur vöru, hráefni eða efnivöru án vörugjalds til handafa framleiðsluskírteinis skv. 1. mgr.
3. Þegar innlendir framleiðandi selur vöru án vörugjalds til skráðra aðila skv. 5. gr. Innflytjandi eða innlendir framleiðandi skal tilgreina í sérstakri skýrslu til tollstjóra um slíka sölu eða nýtingu, þar með talið til hvaða aðila varan er seld, magn vöru og tegund, svo og fjárhæð vörugjalds. Þegar um endanlega framleiðsluvöru er að ræða skal tilgreina innihaldslýsingu sbr. 3. mgr. Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga. Endurgreiðsla skal fara fram á gjalddaga, enda hafi vörugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt.

bkv. Valdemar

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

101 REYKJAVÍK

Reykjavíkurlugvelli, 10. desember 2013
1312003/Ó

Efni: Umsögn Isavia ohf. um frumvarp til laga um breytingar á m.a. lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir gosdrykkjarvörur, nr. 52/1989, með síðari breytingum. Frumvarpið er lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014, sbr. þingskjal 267 – 205 mál.

Vísað er til frumvarps til laga um breytingar á tollalögum, nr. 88/2005, lögum um vörugjald, nr. 97/2087, lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir gosdrykkjarvörur, nr. 52/1989, með síðari breytingum (sektir, greiðslufrestur í tolli, sykurskattur og skilagjald vegna einnota drykkjarumbúða), sem lagt er fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014, þingskjal 267 – 205 mál. Frumvarpið er nú í umsagnarferli.

Isavia ohf. metur mikils að fá tækifæri til að greina frá álitum félagsins á frumvarpinu. Tekið skal fram að umsögn Isavia ohf. varðar eingöngu fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir gosdrykkjarvörur, eða IV. kafla frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpinu er tilgangur þess m.a. að auðvelda framkvæmd laga nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Er m.a. vísað til óvissu um innheimtu skilagjalds við sölu í tollfrjálsri verslun, m.a. í komufrihöfn á Keflavíkurlugvelli. Er lagt til með frumvarpinu að sú skylda verði lögð á herðar þeim, sem hafa leyfi til að selja farþegum og áhöfnum millilandafara, við komu til landsins vörur úr tollfrjálsri verslun að þeim verði falið að leggja á og greiða skilagjald af gjaldskyldum vörum samkvæmt lögnum.

Tilfni breytingarinnar virðist aðallega vera ábendingar Endurvinnslunnar um að skilagjald vegna drykkjarvara í einnota umbúðum, sem seldar eru í komuverslun á Keflavíkurlugvelli, hafi ekki skilað sér til félagsins á sama tíma og það greiðir skilagjald til almennings þegar þessum drykkjavörum er skilað til endurvinnslu.

Verði frumvarpið að lögum má ráða af 7. gr. þess að Frihöfninni ehf., dótturfélag Isavia ohf. verði ætlað það hlutverk að innheimta skilagjaldið í samræmi við efni 7. gr. frumvarpsins þannig að Frihöfnin skuli leggja á og greiða gjald samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 52/1989 eins og um væri að ræða sölu innan lands.

Að mati Isavia breytir frumvarpið ekki þeirri grundvallar staðreynd að framangreint skilagjald á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni gjaldfellur ekki fyrr en við tollafgreiðslu samkvæmt 27. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Félagið telur ekki að orðalag b.-liðar 7. gr. frumvarpsins um að aðilar skuli „...leggja á og greiða gjald samkvæmt 1. mgr. eins og um væri að ræða sölu innan lands“ feli það í sér að skilagjaldið sé þar með gjaldfallið. Í 27. gr. tollalaga nr. 88/2005 er kveðið á um þá meginreglu að ferðamenn og farmenn, sem koma til Íslands frá útlöndum, skulu ótilkvaddir gera tollstjóra grein fyrir tollskyldum varningi sem þeir hafa meðferðis. Ætla má að þetta skuli gert í síðasta lagi í tollhliði á viðkomandi flugstöð. Er frumvarpið þannig beinlínis í andstöðu við framangreint ákvæði tollalaga.

Félagið bendir á að ferðamenn og farmenn kaupa drykkjarvöru á tollfrjálsu svæði og flytja hana með sér inn í landið. Varan er því ekki tollafgreidd fyrr en farið er með hana í gegnum tollhlið Tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, sbr. 3. mgr. 27. gr. tollalaga og þá fyrst gjaldfellur skilagjaldið skv. ofangreindum ákvæðum, sem ekki taka breytingum skv. framlögðu frumvarpi. Af þeim sökum yrði sú skylda sem leggjast myndi á Fríhöfnina í b. lið 7. greinar frumvarpsins um að leggja á og greiða skilagjald, í ósamræmi við ofangreindar greinar.

Þá telur félagið að þrátt fyrir viðleitni frumvarpsins til að ráða bót á framangreindu muni frumvarpið leiða til enn frekari misræmis og ójafnræðis. Telur félagið að eftir sem áður verði það staðreynd að ekkert skilagjald sé greitt af einnota umbúðum sem neytt er í flugvélum sem fljúga til og frá Íslandi.

Þá leiði frumvarpið til þess að skilagjald af drykkjarvörum, sem far- og ferðamenn hafa keypt annars staðar en í fríhafnarverslun Fríhafnarinnar ehf. verði þá innheimt í tollhliði í samræmi við 27. gr. tollalaga, en önnur regla gildi um drykkjarvöru sem keypt er í Fríhöfninni ehf. Telur félagið að í framangreindu felist ósamræmi og mismunur sem ekki verði við unað og engin rök standi til að komið verði á.

Félagið telur að framangreint muni ekki leysa þann vanda sem við sé að etja auk þess sem félagið telur sig ekki geta unað við að vera sett í þá stöðu að framfylgja lagaákvæði sem gengur gegn skýrum ákvæðum tollalaga nr. 88/2005.

Það er skoðun félagsins að heppilegra sé að finna nýja nálgun á framangreint vandamál sem feli í sér jafnræði milli þeirra aðila sem að máli þessu koma en leiði ekki til þess misræmis sem félagið telur að frumvarpið feli í sér.

Virðingarfyllst
F.h. Björns Óla Haukssonar
forstjóra Isavia ohf.



Ingunn Ólafsdóttir
lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 143/601
komudagur 10.12.2013



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. desember 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um um breytingar á tollalögum o.fl., 205. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) eru sammála þeirri viðleitni sem kemur fram í 1. gr. frumvarpsins þar sem lögð er til breyting á tollalögum, nr. 88/2005 sem myndi tvöfalda hámarksfjárhæð stjórnáskilgættu þeirra sem tollstjóra er heimilt að leggja á í ef brotið er gegn lögnum. Samtökin telja hinsvegar hækkun sú sem lögð er til, úr 300.000 krónum í 600.000 ekki vera nægilega en núverandi fjárhæð er frá árinu 1996.

Nýlega lét innanríkisráðuneytið sérstaka nefnd vinna skýrslu um skipulag og tilhögun rannsóknar og saksóknar í efnahagsbrotamálum en umrædd skýrsla var birt á heimasíðu ráðuneytisins þann 11. nóvember s.l. og telja samtökin vert að benda á nokkur atriði sem þar koma fram. Í skýrslunni kemur fram að m.a. fram að ósamræmi sé í því hámarki stjórnáskilgættu vegna brota sem annars sæti meðferð lögreglu og er í því samhengi sérstaklega vakin athygli á því að tollstjóri geti aðeins lagt á að hámarki 300.000 kr. stjórnáskilgættu vegna tollalagabrota, sbr. 185. gr. tollalaga nr. 88/2005 en öll mál sem varða hærri fjárhæðir þurfi að senda til lögreglu. Leiðir þetta til þess í tilviki tollstjóra að óþarflega mörg mál verður að senda lögreglu/ákærvaldi til meðferðar jafnvel þótt málin teljist upplýst og aðilar hafi játað. Slík framkvæmd hefur jafnframt í för með sér ákveðinn tvíverknad og þar með soun á tíma og fjármunum. Til samanburðar er bent á að skattrannsóknarstjóri hefur heimild til að leggja á sektir allt að fjárhæð 6 milljónir króna ef brotið telst ekki stórfellt. Eru þessir flokkar sambærilegir að mörgu leyti en t.d. má nefna að viðurlög beinast að einstaklingum, þ.e. fyrirsvarsmönnum fyrirtækja vegna brota sem framin eru í atvinnurekstri. Benda skýrsluhöfundar á að æskilegt sé að brot sem eru álíka alvarleg og skadleg ættu að varða svipuðum viðurlögum.

SA mæla því með því að hámarkið verði hækkað verulega frá því sem nú er lagt til og verði sambærilega við þá fjárhæð sem miðað er við í skattalagabrotum eða 6 milljónir króna nema brotið sé þess edlis að það þyki þurfa að vísa því til lögreglu. Myndi slíkt leiða til aukinnar skilvirkni og skjótrar afgreiðslu mála í þeim tilfellum þar sem mál teljast að fullu upplýst og aðilar hafa lýst yfir vilja til að ljúka málinu með sektargerð. Lögreglurannsókn og málsmeðferð fyrir dómstólum er tímafrek og kostnaðarsöm fyrir alla aðila og því æskilegt að ljúka megi brotum sem ekki teljast stórfelld eða alvarleg með skjótum og einföldum hætti.

SA gera engar athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Bergþóra Halldórsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 143/600
komudagur 10.12.2013



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á tollalögum, lögum um vörugjald, lögum um virðisaukaskatt og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (sektir, greiðslufrestur í tolli, sykurskattur og skilagjald vegna einnota drykkjarumbúða), 205. mál.

Athugasemdir Samtaka iðnaðarins (SI) við einstakar greinar frumvarpsins eru eftirfandi:

SI taka ekki afstöðu til 1. og 2. gr. frumvarpsins.

SI styðja heimildir til dreifingar á greiðslum aðflutningsgjalda sem koma fram í **3. gr.**


SI styðja breytinguna sem kemur fram í **4. gr.** frumvarpsins. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu eru þeir meinbugir á núgildandi lögum um vörugjald að í þeim er engin endurgreiðsluheimild til innlendra framleiðenda sem ekki hafa fengið sérstaka skráningu hjá tollstjóra (þ.e. eru ekki skráðir með vörugjaldsskírteini) vegna sölu til skráðra aðila (aðila með vörugjaldsskírteini sem heimilar þeim innkaup hráefna án vörugjalds) nema þeir flytji hráefni eða efnivöru sjálfir til landsins. Þessir framleiðendur hafa búið við mismunun hvað þetta varðar frá því að breytingar á lögum um vörugjald tóku gildi 1. mars sl. Því er mikilvægt að þetta ákvæði verði afturvirktil til þess tíma til að leiðrétta þá mismunun enda er um ívilnandi ákvæði að ræða. SI leggja til að við greinina bætist eftirfarandi málsgrein: **Ákvæði þetta er afturvirktil til 1. mars 2013.**

SI styðja heimild til dreifingar á greiðslum vörugjalda sem lögð er til í **5. gr.** og heimild til að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta hans hafi verið skilað eins og lagt er til í **6. gr.**

SI styðja breytingu sem lögð er til í **7. gr.** Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hafa umbúðir sem afgreiddar eru í tollfrjálsri verslun skilað sér til endurvinnslu en skilagjald er ekki lagt á þær. Þegar umbúðirnar skila sér til endurvinnslu er Endurvinnslunni því skylt að greiða fyrir umbúðir sem ekki hefur verið greitt skilagjald af. Það skapast misræmi í tekjum og gjöldum og fyrirtækið verður fyrir skaða. Þetta skekkir samkeppni því kostnaðurinn leggst á þá sem greiða skilagjald lagt á umbúðir innanlands.

Virðingarfyllst,
SAMTÖK IÐNAÐARINS


Ragnheiður Héðinsdóttir,
Forstöðumaður matvælasviðs


Bryndís Skúladóttir,
Forstöðumaður umhverfismála


Sigurður B. Halldórsson, hrl



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 143/599
komudagur 10.12.2013

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 10. Desember 2013
Málsnr: 201312-0071

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á tollalögum, nr. 88/2005, lögum um vörugjald, nr. 97/1987, lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, með síðari breytingum (sektir, greiðslufrestur í tolli, sykurskattur og skilagjald vegna einnota drykkjarumbúða), 205. mál.

Tollstjóri hefur móttengið tölvupóst frá nefndasviði Alþingis þann 4. desember s.l. þar sem embættinu var gefinn kostur á að koma á framfæri skriflegri umsögn um ofangreint lagafrumvarp.

Embætti Tollstjóra mælir eindregið með lögfestingu frumvarpsins. Hækkun sektarheimilda Tollstjóra myndi leiða til þess að fleiri málum væri unnt að ljúka hjá Tollstjóra og málsmeðferðartími yrði styttri. Breyting þessi myndi jafnframt draga úr álagi hjá lögreglu og auka skilvirkni í stjórnsýslunni. Tollstjóri vekur athygli á því að málum verður ekki lokið með sektargerð hjá Tollstjóra öðru vísi en að sökunautur játist undir þau málalok og mál sé nægjanlega upplýst.

Tollstjóri hefur heyrt að fjármála- og efnahagsráðuneytið hafi lagt til eða muni leggja til við efnahags- og viðskiptanefnd breytingar á framsetningu 4. gr. frumvarpsins og mælir með því að greinin verði samþykkt í breyttri mynd.

Virðingarfyllst,
f. h. Tollstjóra.

Iris Ösp Ingjaldsdóttir
Iris Ösp Ingjaldsdóttir

Deildarstjóri lögfræðideildar tollasviðs

Alþingi
Erindi nr. P 143/617
komudagur 10.12.2013



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, lögum um vörugjöld o.fl. (205. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar sem m.a. er ætlað að auðvelda framkvæmd tollalaga.

Líkt og [Samtök iðnaðarins](#) tekur Viðskiptaráð undir hagkvæmni breytinga frumvarpsins hvað varðar endurgreiðsluheimildir til innlendra framleiðenda (4. gr.), dreifingu aðflutnings- og vörugjalda (3. og 5. gr.) og skráningu innskatts á virðisaukaskattskýrslu (6. gr.). Þá er Viðskiptaráð sammála tillögu SI um afturvirkni 4. gr. frumvarpsins.

Hvað varðar 1. gr. frumvarpsins þá er almennt ekki úr vegi að sektarheimildir hækki í samræmi við almennt verðlag, en slíkt hið sama ætti einnig að eiga við um fjölmörg önnur krónutöluviðmið í löggjöf sem telja má ívilnandi fyrir fólk og fyrirtæki – sem hefur ekki alltaf verið raunin. Í þessu tilviki er hækkinin einna helst lögð til í þeim tilgangi að auðvelda álagningu sekta þegar sökunautur hefur lýst sig reiðubúinn að ljúka máli hjá tollstjóra með þeim hætti. Með því má komast hjá óþarfa málsmeðferð hjá lögreglufirvöldum, til hagsbóta fyrir alla sem málið varðar.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands